

Nd.

44. Frumvarp til laga

[42. mál]

um aðstoð ríkisins við rekstur og byggingu almennra barnaheimila og um fóstruskóla.

Flm.: Einar Olgeirsson, Geir Gunnarsson.

1. gr.

Ríkið skal aðstoða þá aðila, sem reka almenn barnaheimili: vöggustofur, dagheimili og vistheimili svo og sumardvalarheimili fyrir börn, svo sem hér segir:

Ríkið greiðir viðkomandi aðila a. m. k. 600 kr. á mánuði fyrir hvert barn sem rekstrarstyrk til barnaheimilisins, en þó að jafnaði eigi minna en þriðjung kostnaðar við rekstur heimilisins. Þá er ríkinu og skylt að lána að kostnaðarlausu skólahúsnæði að sumri til afnota fyrir barnaheimili, ef það þykir hentugt og það húsnæði er eigi notað til annars.

Aðilar geta verið hvort heldur er sveitarfélag, áhugafélag, opinber stofnun eða atvinnufyrirtæki.

Félagsmálaráðuneytið ákveður með reglugerð, hve mikinn hluta áætlaðs rekstrarkostnaðar aðstandendur barna, ef einhverjir eru, skuli greiða, og skal þar höfð sú regla, að greiðsla fari eftir efnahag og aðstæðum aðstandenda, allt frá því að vera ókeypis fyrir þá aðstandendur, sem við erfiðastar aðstæður búa, og upp í að vera $\frac{2}{3}$ rekstrarkostnaðar fyrir þá, sem beztar aðstæður hafa, en þó skal ætíð taka tillit til barnafjölda frá sömu fjölskyldu.

Félagsmálaráðuneytið skal fela trúnaðarmönnum sínum eftirlit með barnaheimilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

2. gr.

Ríkið skal aðstoða sveitarfélög, sem hafa yfir 1000 íbúa og byggja barnaheimili, eftir að lög þessi öðlast gildi, svo sem hér segir:

Ríkið leggur fram helming kostnaðar við slíka byggingu og tilheyrandi tæki, enda hafi félagsmálaráðuneytið samþykkt teikningu.

Heimilt er og ríkisstjórn að veita slíkt framlag til kaupa á húsi til rekstrar barnaheimilis, ef sveitarstjórn óskar þess frekar og félagsmálaráðuneytið álitur hús heppilegt til slíks rekstrar.

Ríkisstjórninni er og heimilt að ábyrgjast byggingarkostnað eða kaupverð. Greiðslu á framlagi ríkisins í þessu skyni skal lokið innan fimm ára, frá því að bygging er hafin.

Nú byggir eða kaupir einn þeirra aðila, sem um ræðir í 1. gr. 3. málsgr., barnaheimili, sem þessi grein gerir ráð fyrir, og er þá ráðherra heimilt að láta þann aðila njóta slíks styrks, er þessi grein ákveður, ef viðkomandi sveitarstjórn mælir með því.

3. gr.

Nú óskar sveitarfélag með undir 1000 íbúum að verða þess réttar aðnjótandi, sem ákveðinn er í 2. og/eða 3. gr., og skal þá félagsmálaráðuneytið athuga ósk þá sérstaklega, og er heimilt að verða við henni, ef aðstæður eru þannig að mati ráðuneytisins, að nauðsyn sé á þessu fyrir sveitarfélagið.

4. gr.

Ríkið skal reka fóstruskóla í Reykjavík, þ. e. skóla til þess að kenna þeim, er búa sig undir störf við barnaheimili.

Ríkisstjórnin skal með reglugerð ákveða fyrirkomulag skólans. Skal í þeirri reglugerð ákveðið, að við hann skuli starfa skólastjóri og minnst tveir fastir kennarar. Námstími skal vera a. m. k. 24 mánuðir samanlagt, miðað við 6 stunda kennslu á dag.

Ríkisstjórninni heimilast að leigja húsnæði undir skólann, meðan ekki hefur verið reist skólahús.

Ríkisstjórninni er heimilað að kaupa hús eða láta byggja hús til þessarar skólastarfsemi og taka lán til þess að standast þann kostnað, allt að 6 — sex — milljónum króna.

Greinargerð.

Frv. þetta hefur nú verið flutt á þremur þingum, og fylgdi því síðast greinargerð, er í aðalatriðum hljóðaði svo:

Vér verðum að horfast í augu við þá þjóðfélagslegu byltingu, sem breytt hefur íslensku þjóðfélagi á örskömmum tíma úr hinu forna bændaþjóðfélagi í bæjar- og borgaþjóðfélag með öllum þess kostum og löstum. Vér verðum að glíma við þau þjóðfélagslegu vandamál, sem þetta nýja mannfélag skapar, og ráða við þau.

Eitt af hinum miklu vandamálum þessa bæjaþjóðfélags er barnauppleidið sökum þeirrar gerbreytingar, sem orðin er á fjölskyldulífni og þjóðfélagslegri aðstöðu kvenna. Konan vinnur nú í sívaxandi mæli utan heimilis, bæði við að mennta sig og þjálfra til starfs og síðan við starfið sjálft. Uppeldi barnanna verður í æ ríkara mæli verkefni þjóðfélagsins. Þetta er viðurkennt með sjálfri skólalöggjöfni hvað snertir börnin 7 ára og eldri. En þetta á í æ ríkari mæli við börnin undir þeim aldri. Í þessum efnum er að gerast þróun, sem verður ekki stöðvuð, hvort sem mönnum þykir betur eða verr. Verður að horfast í augu við það af fullri djörfung og taka afleiðingunum með því að framkvæma þær félagslegu endurbætur, sem þetta ástand kallar á.

Fyrir margar mæður er það bein, óhjákvæmileg nauðsyn að geta komið börnum innan 7 ára á vöggustofur og dagheimili, bæði vegna vinnu, er þær stunda, máske sem eina fyrirvinnan, sem og vegna náms. En fyrir allar þær mæður, er stunda vinnu utan heimilis, er þetta einnig nauðsyn og gott fyrir þjóðfélagsheildina, er nýtur góðs af vinnu þeirra. Þessi nauðsyn er þegar viðurkennd af öllum stærstu bæjarfélögum landsins, og fjöldi kvenna hefur unnið mikið og fórnfúst starf við að halda uppi barnaheimilunum sem fóstrur, gott og nytsamt starf

hefur verið af hendi leyst til að halda uppi kennslu fóstranna við erfiðar aðstæður og mikið sjálfboðaliðsstarf verið unnið bæði af konum og karlmönnum vegna þessara barnaheimila. Það er því tími til kominn, að farið sé að festa þetta fyrirbrigði, barnaheimilin, í löggjöf með því að byrja á að ákveða aðstoð ríkisins við þau, eigi ósvipað og þegar er gert með barnaskólana. Erlendis er þessi mikla nauðsyn þegar viðurkennd í löggjöf. Sérstaklega eru Danir og Svíar til fyrirmyndar í þessum efnum.

Það er lagt til í þessu frv., að undir væntanleg lög heyri almenn barnaheimili, þ. e. a. s.: 1) dagheimili fyrir börn, 2—6 ára, þar sem þau eru frá morgni til kvölds og borða á heimilinu; 2) vistheimili fyrir börn, sem geta ekki dvalizt heima hjá sér; 3) vöggustofur fyrir börn undir 2 ára (eða eins og nú er kallað víða vöggustofur og skriðdeild); 4) sumardvalarheimili fyrir börn. Hins vegar mundu ekki heyra undir þessi lög barnaheimili fyrir vangefin börn, taugaveikluð eða þau, sem að öðru leyti þurfa að vera undir hendi lækna eða sérfræðinga. Þarf sérstök lög um slík heimili.

Í Reykjavík er þetta vandamál barnaheimilanna eðlilega brýnast sökum stærðar bæjarfélagsins, og þar hefur þegar verið hafizt handa og eru miklar fyrirætlanir um framkvæmdir á næstu árum. En þar er þörfin svo gífurleg, að ekki er unnt að leysa nema úr órlitlum hluta vandans með þeirri aðstöðu, sem þegar er sköpuð. Eftirspurnin er svo mikil eftir að koma börnum að á barnaheimilum, að ekki þykir einu sinni taka því að setja fólk á biðlista.

Á þrem vöggustofum (og „skriðdeild“) er rúm fyrir 68 börn. Á sex dagheimilum er rúm fyrir 330 börn. Vistheimili fyrir þau börn, sem aðeins geta treyst á bæjarfélagið sem aðstandanda sinn, hefur aðeins verið eitt, að Silungapólli, fyrir 30 börn, — og er þeirri vistarveru mjög ábótavant, — og svo fyrir slík börn á skólaskyldualdri eitt að Reykjahlíð. En nú er verið að reisa upptökuheimili fyrir slík börn að Dalbraut.

Reykjavíkurborg hefur þegar keypt 5 hús fyrir dagheimili og greitt sjálf. Barnavinafélagið Sumargjöf hefur unnið gott brautryðjandastarf í þessum málum, svo og Verkakvænnafélagið, Mæðrafélagið, Thorvaldsensfélagið o. fl.

Reykjavíkurborg hefur þegar gert áætlanir um að verja á næstu 4 árum allt að 12 milljónum króna á ári — eins og er í fjárhagsáætlun í ár — til þess að byggja 2 hús fyrir barnaheimili á ári, sjá fylgiskjal I. Vart mun þó sú áætlun verða framkvæmd til fulls, nema til aðstoðar komi annars staðar frá. Framlag samkvæmt þessum lögum mundi hins vegar tryggja, að farið yrði fram úr þessari áætlun; og þess er full þörf.

Í kaupstöðum úti um land er verið að berjast við að koma upp barnaheimilum, og þarf að léttu undir með bæjarfélögunum í þeirri baráttu. Í Kópavogi, Hafnarfirði, Akureyri, Siglufirði, Akranesi, Ísafirði og víðar er þörfin brýn og ýmsar framkvæmdir hafnar, en fjárskortur háir alls staðar.

Það er lagt til, að ríkið greiði einn þriðja rekstrarkostnaðar við barnaheimilin. Hann er talinn í Reykjavík um 1800 krónur á mánuði. Væri þá eðlilegt, að bæjarfélagið greiddi þriðjung og aðstandendur þriðjung, þó þannig, að það færi eftir efnum og ástæðum, eins og reglugerð félagsmálaráðuneytisins mælti fyrir. Mæður, sem einar berjast fyrir að framfleyta börnum sínum, eiga ekkert að greiða, en hjón, sem vinna bæði utan heimilis á góðu kaupi, ættu að greiða $\frac{2}{3}$ kostnaðar; en síðan væru ýmis millistig. Hafa Danir og Svíar gott skipulag á þessu, er taka mætti til fyrirmyndar.

Þá er lagt til, að ríkið greiði hálfan kostnað við byggingu barnaheimila, sem reist eru, eftir að lög þessi öðlast gildi. Er að öllu leyti eðlilegt, að um byggingu barnaheimila fari eins og um barnaskóla.

Þótt fyrst og fremst sé gert ráð fyrir, að sveitarfélög með yfir 1000 íbúa þurfi á þessari aðstoð að halda, þá er þó með 3. gr. heimilað að veita minni sveitarfélögum einnig slíka aðstoð.

Í 1. gr. er gert ráð fyrir, að rekstrarstyrkinn geti eftirfarandi aðilar fengið:

1) Sveitarfélögin sjálf, og verður það eðlilega höfuðreglan.

2) Áhugafélög. Eins og fyrr er getið, hafa ýmiss konar áhugafélög í þessu efni víða brotið isinn, jafnt verkakvennafélög og kvenfélög sem barnavinafélög og Thorvaldsensfélagið. Það er því rétt að gera ráð fyrir því, að þau njóti slíks styrks, þó að þróunin verði víðast hvar sú, að bæirnir taki síðan reksturinn að sér.

3) Opinberar stofnanir. Það er rétt að gera ráð fyrir, að opinberar stofnanir, eins og Háskólinn og ríkisbankarnir o. fl., vilji koma upp barnaheimilum vegna þeirra, sem vinna þar og nema. Er hin brýnasta þörf á þessu, ekki sízt við háskólann, ef jafnrétti kvenna til æðri mennta á að verða raunveruleiki.

4) Atvinnufyrirtæki. Þá er og eðlilegt, að stórfyrirtæki, ekki sízt þau, sem hafa margt kvenna starfandi hjá sér, komi upp barnaheimilum við verksmiðjur. Slíkt tíðkast víða erlendis, ekki sízt í sósíalístísku ríkjunum. Hefur og verið gerð nokkur tilraun með slíkt hér, og er rétt að ýta undir það.

Vistheimili, þar sem börn dveljast alveg, eru orðin mikil nauðsyn, eins og þjóðfélagsþróunin er. Ríkið og bæjarfélögin, ekki sízt höfuðborgin, eiga að setja stolt sitt í það að gera slík heimili vel úr garði. Þau börn, sem eru svo ógæfusöm að geta ekki notið foreldra af einni eða annarri ástæðu, eiga að finna það, að þjóðfélagið getur verið þeim góður aðstandandi. Ísland er nú svo ríkt, að það á að setja sóma sinn í það að búa sem bezt að slíkum börnum. Þau fara nógu mikils á mis samt.

En öll þessi barnaheimili verða ekki rekin án kennara frekar en barnaskólarnir. Ríkið verður því að taka að sér að koma upp fóstum skóla fyrir fóstrurnar. Sá skóli hefur verið á hrakhólum, engan fastan samastað átt og ýmsa erfiðleika átt við að striða. Þess vegna mælir 4. gr. fyrir um stofnun slíks skóla, en meðan hann er í mótnun, er eðlilegt, að ríkisstjórnin ráði skipan hans meira með reglugerð, byggðri á þessum lögum, en að nákvæm lög séu sett síðar. Svipað var gert um tækniskóla á síðasta þingi. Rétt væri og, að ríkisstjórnin tæki það til alvarlegrar athugunar, hvort hægt væri, annaðhvort í sambandi við fóstruskólann eða kennaraskólann, að koma upp leiðsögn eða kennslu fyrir þá, sem verða vilja tómtundakennarar, æskulýðsleiðbeinendur eða starfsfólk vegna þjóðfélagslegra vandamála (social workers), þannig að það fólk fengi undirbúning hér undir fullkomnara nám erlendis.

Skiptar eru skoðanir um, hvort hentugra væri, að fóstruskóli yrði deild í kennaraskólanum, og þarf m. a. að athuga það mál, áður en fóstruskóli er endanlega mótaður. En starfsemi hans verður að efla og tryggja nú þegar, því að skortur á fóstrum háir starfsemi barnaheimilanna tilfínanlega. Skólastjóri fóstruskólans, frú Valborg Sigurðardóttir, sagði í ræðu, sem hún hélt við skólaslit 25. maí 1963: „Mér telst svo til, að til þeirra barnaheimila, sem byggja skal hér í borg á næstu 5 árum, þurfi minnst milli 50 og 60 sérmenntaðar fóstrur. Reikna ég hér eingöngu með fóstrum í stöður forstöðukvenna og deildargæzlu. Ef fullnægja á þessum lágmarkskröfum til starfsliðs, þarf að auka og efla fóstruskólann að miklum mun. Skoðun mín er sú, að tómt mál sé að tala um að fjölga barnaheimilum hér á landi, ef fóstruskólinn er ekki efldur að sama skapi.“ Í fóstruskólanum höfðu alls 88 lokið námi þá, er skólastjórinn hélt þessa ræðu, en þá voru 14 útskrifaðar, svo að alls hafa 102 lokið námi.

Það er því hin brýnasta nauðsyn að efla fóstruskólann, fá til hans nýja nemendur, auglýsa skólann sem bezt og hvetja efnilegar stúlkur til þessa náms. Nú er ástandið þannig, að í þrem af sex barnaheimilum í Reykjavík eru engar fóstrur starfandi nema sem forstöðukonur. Þyrfti einnig að athuga viðvíkjandi framtíðarstarfi á þessum vettvangi að gera þeim, sem sérstökum trúnaðarstörfum gegna, fært að nema við erlenda sérskóla eða stofnanir í þessum efnunum, sem eru ágæt á Norðurlöndum.

Frv. þetta var fyrst flutt 1963—64. Kom þá þegar í ljós, hver áhugi var á því

hjá þeim samtökum, er helzt þekkja til, að frv. yrði samþykkt. M. a. gerðu eftirfarandi samtök samþykktir, sem birtar eru hér á eftir sem fylgiskjöl:

1. Menningar- og friðarsamtök ísl. kvenna, fylgiskjal III.
2. Stjórn Kvenréttindafélags Íslands, fylgiskjal IV.

Þá hafa og eftirfarandi samtök gert samþykktir um þessi mál án þess að vitna sérstaklega til þessa frv.:

3. Kvenréttindafélag Íslands, fundur haldinn 21. apríl 1964, fylgiskjal V.
4. Bandalag kvenna í Reykjavík, aðalfundur haldinn 2.—3. nóv. 1964, fylgiskjal VI.

Það er ljóst, að framganga þess máls, sem þetta frv. fjallar um, þolir ekki langa bið.

Fylgiskjal I.

Áætlun um byggingu dagheimla og leikskóla í Reykjavík 1964—1968.

Lögð fram í borgarstjórn Reykjavíkur vorið 1963.

Árið 1964. Heildarupphæð 6 millj.

Dagheimili við Rauðalæk, fullgert, kostnaður 6 millj. kr.

Árið 1965. Heildarupphæð 9 millj.

Leikskólar í Vogahverfi og Hvassaleiti, fullgerðir, kostnaður samtals 5 millj.

Dagheimili í Vogahverfi og leikskóli við Safamýri, byrjunarframkvæmdir, samtals 4 millj.

Árið 1966. Heildarupphæð 9 millj.

Leikskóli við Safamýri og dagheimili í Vogahverfi, lokaframkvæmdir, samtals 4.5 millj. Dagheimili í Háteigshverfi, fullgert, hluti borgarsjóðs 3 millj. (reiknað með 3 millj. frá öðrum aðilum). Leikskóli við Rauðalæk, byrjunarframkvæmdir, 1.5 millj.

Árið 1967. Heildarupphæð 9 millj.

Leikskóli við Rauðalæk, lokaframkvæmdir, 1 millj. Dagheimili við Árbæjarblett, fullgert, 6 millj. Dagheimili í Hvassaleiti, byrjunarframkvæmdir 2 millj.

Árið 1968. Heildarupphæð 9 millj.

Dagheimili við Vesturborg, byrjunarframkvæmdir, 3.75 millj. Dagheimili í Hvassaleiti, lokaframkvæmdir, 4 millj. Leikskóli í Háteigshverfi, fullgerður, hluti borgarsjóðs 1.25 millj. (gert ráð fyrir jafnháu framlagi annars staðar frá).

Fylgiskjal II.

Áætlun um byggingu vistheimila 1963—1968.

1963. Upptökuheimili við Dalbraut, byrjun, 1.5 millj.

1964. Upptökuheimili við Dalbraut, lokið, 4.5 millj.

1965. Fjölskylduheimili (byggt eða keypt), lokið, 1.5 millj.

Upptökuheimili við Hlíðarenda, byrjað, 1.5 millj.

1966. Upptökuheimili við Hlíðarenda, lokið, 1.5 millj.

Vistheimili fyrir 12—16 börn (2—7 ára), byrjað, 1.5 millj.

1967. Vistheimili fyrir 12—16 börn (2—7 ára), lokið, 2 millj.

Unglingaheimili 5—8 pílta, byrjað, 1 millj.

1968. Unglingaheimili 5—8 pílta, lokið, 1 millj.

Unglingaheimili 5—8 stúlkna, lokið, 2 millj.

Fylgiskjal III.

12. marz 1964.

Til hæstvirts Alþingis.

Aðalfundur Menningar- og friðarsamtaka íslenskra kvenna, haldinn 25. febr. 1964, styður framkomið frumvarp til laga, á þingskjali nr. 215, um aðstoð ríkisins við byggingar og til rekstrar barnaheimila og fóstruskóla.

Sú gagngera hylting, sem orðið hefur á atvinnuháttum þjóðarinnar og á lífskjörum hennar öllum, krefst þess, að í hendur haldist félagslegar framkvæmdir á öllum sviðum.

Núttímapjóðfélag kallar á æ fleiri hendur til starfa, enda æ fleiri störf, sem konur sérhæfa sig til að takast á hendur. Enda hafa konur haft sama rétt og karlar til náms og starfa á landi hér síðan árið 1911.

En áhrif kvenna á félagslega starfsemi þjóðfélagsins hafa ekki verið í réttu hlutfalli við réttindi þeirra. Þjóðfélagið hlýtur að taka það á sig, að koma upp þeim félagslegum stofnunum, sem gera konum kleift að stunda atvinnu utan heimilis, en rækja þó jafnframt móðurskyldur sínar.

Fundurinn væntir þess eindregið, að hið háa Alþingi samþykki þetta frumvarp, og leggur áherzlu á, að þau ákvæði, sem það felur í sér, verði sem fyrst að veruleika.

Virðingarfyllt,

f. h. Menningar- og friðarsamtaka ísl. kvenna,
María Þorsteinsdóttir.

Fylgiskjal IV.

KVENRÉTTINDAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 2. marz 1964.

Stjórn Kvenréttindafélags Íslands skorar á háttvirt Alþingi að samþykkja nú á þessu þingi fram komið frumvarp til laga um aðstoð ríkisins við rekstur og byggingu almennra barnaheimila og fóstruskóla, þingskjal 215.

Fylgiskjal V.

Fundur Kvenréttindafélags Íslands, haldinn 21. apríl, gerði svofelldar ályktanir:

a. Að leikskólavist hluta úr degi hverjum sé uppeldisleg nauðsyn og öryggi börnum, sem eru yngri en 7 ára, ef þau alast upp í borgum og bæjum. Þess vegna telur fundurinn, að fjölga þurfi slíkum stofnunum mikið frá því, sem nú er.

b. Að fjölga þurfi fullkomnum dagheimilum fyrir börn frá smábarnaaldri til skólaskyldualdurs, svo að konur, sem þurfa eða vilja, geti stundað vinnu utan heimilis, þótt þær eigi börn á þeim aldri, og einstæðar mæður, sem vilja ala börn sín upp og til þess eru hæfar, þurfi eigi að láta þau frá sér sökum skorts á slíkum stofnunum.

c. Að ávallt sé séð um, að þau börn, sem óhjákvæmilega þurfa að alast upp á uppeldisheimilum, njóti þar góðs og heimilislegs aðbúnaðar, bæði af hálfu hins opinbera og starfsfólks heimilanna.

d. Að brýn nauðsyn sé að koma á fót heimavistarskólum fyrir börn á skólaskyldualdri, sem af heimilisástæðum, hegðunarvandkvæðum eða öðrum orsökum eigi, að álitu sérfræðinga, ekki samleið með öðrum skólabörnum.

e. Að stofnsettur sé sem fyrst fullkominn uppeldisskóli fyrir ungar stúlkur, er lent hafa á glapstígum, svo að barnaverndarnefndir og aðstandendur stúlkna

þessara geti þar leitað hjálpar við enduruppeldi þeirra til að gera þær að nýtum þjóðfélagsþegnum.

f. Að lögbinda þurfi riflegt framlag til byggingar og reksturs allra uppeldisstofnana landsins, til þess að bæta úr þörfum þjóðfélagsins í uppeldismálum, auk þess sem starf fósturskólans sé svo eflt og aukið, að hann hafi aðstöðu til að sjá leikskólum og öðrum uppeldisstofnunum landsins fyrir nægilega mörgu sérmenntuðu starfsfólki, sbr. samþykkt fundar K. R. F. í. 17. marz síðastliðinn.

Fylgiskjal VI.

Aðalfundur Bandalags kvenna í Reykjavík, haldinn dagana 2.—3. nóv. 1964, skorar á menntamálanefnd Alþingis að beita sér fyrir því, að Fósturskólinn verði tekinn inn í fræðslukerfi ríkisins, aukinn og endurskipulagður, svo að hann verði fær um að sjá þjóðfélaginu fyrir sérmenntuðu starfsfólki við hinar ýmsu samfélagsstofnanir landsins (sósíalstofnanir).

Greinargerð.

Fundurinn áltur það óviðunandi ástand, að meiri hluti alls starfsfólks dagheimila, vistheimila, leikskóla og annarra samfélagsstofnana landsins skuli ekki hafa menntun til starfa síns. Fósturskólinn hefur gert mjög mikið gagn, en þar sem hann er einkaskóli með takmarkaða getu, er ekki nein von, að hann anní þjóðarþörfum.

Það er álit fundarins, að þessi mál komist aldrei í viðunandi ástand, nema ríkið reki fullkominn skóla til menntunar alls þess fólks, sem við þessi störf vinnur.

Fundinum er kunnugt um, að margir mundu læra til þessara starfa, ef þeir ættu þess kost hér á landi, og getur ekki skilið þann sofandahátt, sem í þessum málum ríkir hjá ráðamönnum þjóðfélagsins.

Fyrir hönd stjórnar Bandalags kvenna í Reykjavík.

Aðalbjörg Sigurðardóttir, formaður.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.